

bænda
FERÐIR

HJÓLAÐ UM TINDRANDI TÍRÓL



13. – 20. ágúst 2022
Fararstjóri: Hjalti Kristjánsson

Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Í þessari skemmtilegu hjólaferð verður hjólað um eitt af fallegustu svæðum Tíról. Leiðin liggur mestmegnis eftir sléttum vegum meðfram fögrum dölum og vötnum. **Ziller-, Keisara- og Kitzbühler** fjallasalirnir mynda glæsilegan bakgrunn í náttúrunni þegar við hjólum með fram hinni tæru á Inn sem stundum er kölluð lífæð Tíról. Eftir flug til München verður haldið til bæjarins **Fügen** í **Zillertal** og gist þar á 4* austurrísku hóteli allan tímann. Þar er boðið uppá fjölbreyttan matseðil og góða heilsulind. Frá bænum Fügen förum við í fjölbreyttar dagsferðir m.a. til **Mayrhofen** og **Innsbruck**, en á leiðinni skoðum við **Swarovski kristalsafnið** í Wattens. Við förum líka til **Kufstein**, þar sem við förum upp að kastala bæjarins og njótum þaðan stórkostlegs útsýnis yfir nærliggjandi sveitir. Í þessari ferð fer saman útivist og hreyfing í heillandi umhverfi. Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber.

8 dagar | 7 nætur í Fügen



13. ágúst | Keflavík – Fügen

Flogið frá Keflavík með Icelandair kl. 07:20. Mæting um 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13.05 að staðartíma. Farið með rútu frá flugvelli beint á hótél þar sem við fáum hjólin afhent.

14. ágúst | Zillertal - Mayrhofen

Við byrjum hjólaferðina á að kynnast Zillertal dalnum og hjólum frá Fügen til Mayrhofen. Þessi dalur er einn af fallegustu dölum Tíróls og er hann gjarnan nefndur „dalur söngsins“. Hjólaleiðin liggur aðeins upp á við og fyrir þá sem vilja fara lengra inn dalinn er upplagt að hjóla lengri leið og taka kláf upp á Zillertal Arena svæðið. Þar eru þekkt skíðasvæði á veturna eins og Gerlos, Zell am Ziller, Königsleiten og Gerlosplatte. Margar skemmtilegar leiðir eru í boði til að hjóla niður á við, til baka á hótelið.



Vegalengd: ca 50 km.

15. ágúst | Kramsach – Krummsee - Reintalersee

Leið dagsins liggur um part af hinni þekktu Inn hjólaleið. Áin Inn rennur í gegnum fallega fjalladali frá Maloja í Sviss í gegnum Innsbruck og niður til Passau í Þýskalandi. Frá Fügen er hjólað með fram ánni til bæjarins Krambach við Krummsee og áfram til Raintalersee. Á leiðinni til baka er komið við í bænum Rattenberg en bærinn telst vera minnsti og jafnframt elsti bær Austurríkis. Bærinn er þekktur fyrir glerframleiðslu og því upplagt að stoppa og gefa sér tíma til að skoða þennan sjarmerandi gamla bæ.

Vegalengd: ca 50 km.

16. ágúst | Innsbruck & Inntal



Í dag liggur leið okkar aftur eftir hinni þekktu Inn hjólaleið en nú í átt að Innsbruck. Í bænum Wattens munum við gefa okkur tíma til að skoða hið fræga Swarovski kristalsafn. Leið okkar liggur svo áfram til Hall í Tírol, þar sem finna má gamlar saltnámur og hinn þekhta Münzturm turn, sem er tákn bæjarins og var byggður um 1300. Leiðin liggur svo áfram til Innsbruck eða „brúin yfir Inn“ eins og orðið merkir, en hún er

höfuðstaður Tírols, umvafinn fjöllum og er fegurðin mikil, jafnt sumar sem vetur. Miðaldahluti borgarinnar er einstaklega heillandi, en Innsbruck var ein af borgum Habsborgaraættarinnar, einnar mikilvægustu konungsættar Evrópu. Seinnipartinn er svo tekin lest með hjólin til baka á hótelið.

Vegalengd: ca 60 km.

17. ágúst | Frídagur í Fügen

Slökun og rólegheit í dag. Upplagt að nota aðstöðuna á hótelinu, fara í sund, gufu, heitan pott og einnig er hægt að láta dekra við sig í heilsulindinni því margt er í boði. Fegurðin er mikil þarna inn á milli fjallanna í Tírol. Margar stuttar og fallegar hjólaleiðir eru í boði frá hótelinu og einnig er möguleiki á að fara í léttu göngu og heimsækja fjallasel. Eins er bærinn Fügen mjög fallegur.

18. ágúst | Schwaz, Wolfsklamm og Tratzberg kastali

Eftir góðan hvíldardag erum við tilbúin til að hjóla nýja og spennandi hjólaleið meðfram ánni Inn til vesturs. Í bænum Schwaz verður áð til að skoða þekktar silfurnámur og í bænum Stans göngum við 354 tröppur að Wolfklamm gjánni þar sem við njótum einstakrar náttúru. Á heimleiðinni skoðum við Tratzberg kastala en elsti hluti hans er frá 13 öld. Sögur herma að Maximilian I keisari Bæjaralands hafi notað þennan kastala sem veiðihús vegna góðra veiðilanda í kring.

Vegalengd: ca 55 km.



19. ágúst | Fügen - Kufstein

Eftir morgunverð er ferðinni heitið til Kufstein, einnar af mörgum perlum sem liggja meðfram ánni Inn. Förum í skoðunarferð og upp að kastalanum, en þaðan er undurfagurt útsýni yfir bæinn og nærliggjandi sveitir. Þar er einnig hægt að heyra í orgelinu sem er í turni kastalans, en bærinn er einmitt þekktur fyrir þetta fallega orgel. Seinnipartinn tökum við lest með hjólin til Jenbach þaðan sem við hjólum svo til baka á hótelið.

Vegalengd: ca 60 km.

20. ágúst | Heimferð

Eftir morgunverð verður farið af stað út á flugvöll. Brottför frá flugvellinum í München kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 á staðartíma.

Undirbúningur

Þetta er miðlungserfið hjólaferð sem ætti að henta flestu hjólafólki. **Dagleiðirnar spanna um 50-70 km.** Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Við ráðleggjum gestum okkar að fara í nokkra lengri dagstúra og festa kaup á gelhnakki eða hjólabuxum. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir hjólaferð af þessu tagi og farþegar njóta sjálfrar ferðarinnar betur ef þeir æfa og undirbúa sig vel fyrir ferðina. Fararstjóri mun boða farþega sína í stutta hjólaferð eða ferðir hér heima áður en haldið verður utan.

Hótel

Gist verður í 7 nætur á 4* hótelinu Hotel Kohlerhof í bænum Fügen í Zillertal. Þetta fjölskyldurekna hótel er staðsett í um 10 mínútna göngufjarlægð frá þorpinu og er frábær upphafspunktur að göngu- og hjólaferðum. Herbergin eru öll með baði/sturtu hárpurrku, síma, flatskjá, Wi-Fi og öryggishólfi. Dásamleg heilsulind er á hótelinu með 120 m² vatnssvæði þar sem bæði er hægt að synda og slaka á. Boðið er upp á ýmsar heilsu meðferðir gegn gjaldi.



Verð

249.900 kr. á mann í tvíbýli | 26.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair til München.
- ✓ Flugvallarskattar og gjöld.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Fügen.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi í 7 nætur á 4* hóteli í Fügen.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelinu.
- ✓ Síðdegishressing með kökuhlaðborði á hótelinu (án drykkja).
- ✓ Aðgangur að heilsulind hótelsins sem býður m.a. upp á mismunandi gufuböð.
- ✓ Innlend leiðsögn í hjólaferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Leiga á 24 gíra hjóli í 6 daga 49.900 kr.
- ✓ Leiga á rafhjóli í 6 daga 49.900 kr.
- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Leigubílaakstur, strætó eða lestarferðir.
- ✓ Hádegisverður.
- ✓ Þjófnef.

